

Lög

um breytingu á lögum nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að:

- a. tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða eru geymdar fyrir þeirra hönd,
- b. treysta rétt fólks til að búa við heilsusamleg skilyrði og varðveita lífsgæði sín á grundvelli upplýsinga,
- c. stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál,
- d. tryggja rétt almennings til þess að fá upplýsingar um umhverfismál,
- e. kveða á um frumkvæðisskyldu stjórnvalda til þess að veita upplýsingar um umhverfismál, sbr. 10. gr.

2. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema ástand sé yfirvofandi sem haft geti skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.

3. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er stjórnvöldum ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra. Ráðherra er heimilt að afmarka nánar í reglugerð hvað teljist skaðleg eða hættuleg frávik.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 14. mars 2012.

